

Aníta Einarsdóttir
Háilundur 11
600 Akureyri

Selfossi, 16. júlí 2025
UOS2504299/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Tollafrgreiðsla á plöntuverndarvörum 2024 - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 16. maí 2025 þar sem Umhverfis- og orkustofnun óskaði eftir að Aníta Einarsdóttir gerði grein fyrir þeim plöntuverndarvörum sem hún setti á markað á árinu 2024 með því að senda stofnuninni afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar af plöntuverndarvörum sem tollafrgreiddar voru á árinu 2024. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Eftirlitsþegi hefur uppfyllt skyldur skv. 20. gr. efnalaga nr. 61/2013. Að framansögðu telst málinu lokið.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [heimasíðu](#) stofnunarinnar.

Eftirlitsþega er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Kristínar Silju Guðlaugsdóttur varðandi plöntuverndarvörur í síma 569-6000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála